

Hestamannafélagið Sprettur

Fundargerð stjórnar 16.3.2013. Fundur nr.3; haldinn í gamla félagsheimili Andvara

Mættir voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Guðmundur Hagalínsson gjaldkeri, Þorvaldur Sigurðsson varaformaður, Hermann Vilmundarson meðstjórnandi, Brynja Viðarsdóttir meðstjórnandi, Hannes Hjartason meðstjórnandi og Ingibjörg G. Geirsdóttir.

1. Fulltrúar mótanefndar Hulda, Ásgerður og Hrafnhildur mættu og gerðu grein fyrir starfi mótanefndar. Hulda sagði frá vetrarleikum og er plan mótanefndar þannig að þrennir vetrarleikar verða haldnir með stigasöfnun, ákvörðun, mótanefndar er að greiða dómara 10.000 fyrir hverja leika, SS spurði um hvers vegna vetrarleikar yrðu haldnir í reiðhöll en ekki á velli, Hulda sagði að þetta væri vegna þess að verið væri að bjóða uppá fjölbreytni þ.e. þriggja móta röð þar sem keppt er við mismunandi aðstæður. Stjórnarmenn höfðu skoðun á því að skemmtilegra væri að halda mótið úti enn inni en voru sammála um að mótanefnd væri með óbundnar hendur í mótahaldi. Önnur verkefni mótanefndar eru síðan að sjá um framkvæmd íþróttamóts og gæðingakeppni. SS spurði um frí skráningargjöld mótanefndarmanna, Mótanefnd gerði grein fyrir að þetta hafi verið arfur frá gömlu félögunum. SS lýsti því yfir að þetta hefði að þetta hefði ekkert með rekstur félagsins að gera heldur væri þetta fyrst og fremst spurning um fordæmi. Athuga þarf með tengingu Spretts í sportfeng. GH kom með beiðni um að eftir hvert mót verði gert uppgjör, mótanefnd tók vel í það. Hulda hvatti stjórnarmenn í að veita

aðstoð á íþróttá- og gæðingamótum sem framundan eru í maí. Firmakeppni ákveðin 27.apríl

2.Óskar Páll formaður umhverfisnefndar kom á fundinn SS bauð Óskar velkominn.Hreinsunardagur var dagsettur og verður hann 23.apríl sem er þriðjudaginn fyrir sumardaginn fyrsta. Umgengni um svæðið þarf að taka til hendinni. Rætt um umgengni í hverfinu, og úrbætur í þeim efnum. Óskar ætlar að mæta á fund með SS þegar SS fær fulltrúa Kóp í vettvangskönnun. HH spurði um taðmál það verður tekið fyrir á þeim fundi. Heystæði og kerrustæði þarf einnig að taka fyrir í vettvangskönnun. Óskar kom með fyrirspurn um hvað stendur til að gera, menn sammála um að umhverfisnefnd geri verkefnalista um þær framkvæmdir sem þarf að framkvæma á næstu mánuðum.

3.Sigríður Óladóttir frá æskulýðsnefd mætti á fundinn SS bauð Sigríði velkomna á fundinn. Sagði Sigríður frá því að nefndin hafi gefið út dagskrá fyrir veturinn, næstu verkefni eru þrauta og leikjadagur á föstudaginn langa og síðan æskan og hesturinn í byrjun apríl, og fjölskyldu reiðtúr í vor og fyrirhugað að hafa „trek“(víðavangsreið) dag. Dagskrá nefndarinnar er inná „fésbókarsíðu“ bæði hjá Gusti og Andvara, og núna hjá Spretti. Stjórn mun aðstoða við útfærslu á þrauta og leikjadegi.

4. Dagskrá vetrarins IGG sér um að safna saman dagsetningum og Valdi sér um prentun.

5.HV ath getraunanúmer

6.Heimasíðan er í fullri vinnslu og kemur í loftið allra næstu daga. SS sagði frá lógói og sagði frá því GSP væri ekki að koma

með lógó. Hugmynd kom um að leita til nokkurra aðila innan félagsins um að teikna lógó. HH tekur að sér að halda utanum tillögur að lógói. Stefnd að því að ljúka þeirri vinnu fyrir 1.apríl.

7. Dómpallur í Andvara. SS gerði grein fyrir að dómpallur í Andvara passi ofaná tengibrunn sem er við vestur endann á möninni. Menn sammála um að framkvæma þetta.

8.Staða framkvæmda. SS/GH fóru yfir stöðum fjárhags gagnvart framkvæmdum á svæðinu. Lagt var fram yfirlit yfir þær greiðslur sem búið er að framkvæma. Ljóst að framkvæmdir eru heldur að fara fram úr upphaflegri áætlun eftir er að yfirfara tölur með GE og uppfæra kostnaðaráætlun.

9.Umræða um reiðskóla á vegum Spretts ákv að auglýsa eftir rekstraraðila. HV gerir drög að auglýsingu.

10. SS greindi frá því að óánægja væri með götuheitið Hestheimar hjá eigendum Hestheima í Ásahreppi, SS ætlar að ræða þetta við ráðamenn í Kóp.

LH óskar eftir viðræðum við Sprett varðandi notkun á nýju reiðhöllinni á næsta ári.

Fleira ekki gert fundi slitið.

Hermann Vilmundarson ritaði fundargerð